



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júní 2017.

Efni: Frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál

Tilv. 2017060002

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 16. maí 2017 og frestur var veittur til 2. júní.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og telja jákvætt að unnið hafi verið að frumvarpi til nýrra laga um skóga og skógrækt í ljósi þess að núgildandi lög eru komin til ára sinna og þ.a.l. að mörgu leyti úrelt.

Þá vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína er fram kom í umsögn um frumvarpið (og frumvarp til landgræðslu) á fyrri stigum og skilað var til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 20. mars sl. Mikilvægt er að tryggt sé að haft verði samráð við fulltrúa bænda við gerð landsáætlunar í skógrækt, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins enda hafi bændur óumdeilanlega hagsmuna að gæta af gerð slíkrar áætlunar. Þá er einnig gerð athugasemd við hámark dagsekta sem samtökin telja óhóflega íþyngjandi. Lagt er til að hámark dagsekta samkvæmt 21. gr. frumvarpsins verði kr. 100.000 kr. í stað kr. 500.000.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

Alþingi – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 23. ágúst 2017

VARÐAR: Umsögn um frv. til laga um skóga og skógrækt, 407. mál 146. löggjafarþings.

Stjórn félags skógarbænda á Austurlandi hefur ákveðið að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við Alþingi vegna vinnu við frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Rétt er að taka fram, að samstarf við þá einstaklinga sem stýra nýrri stofnun hefur verið með miklum ágætum, en áhyggjur félagsins lúta að formlegri stöðu til framtíðar, en er ekki á nokkurn hátt tengd þeim persónum sem á sviðinu starfa.

Félag skógarbænda á Austurlandi telur ekki nægilega tryggt að skógarbændur hafi aðkomu að ákvörðunartöku um þau mikilvægu atriði sem áður voru á borði stjórnar hvers verkefnis að taka ákvörðun um.

Félag skógarbænda á Austurlandi telur að bæta verði ákvæði í frumvarpið sem tryggi að sjónarmið skógarbænda hafi raunverulegt vægi og þeim verði tryggð staða að lögum til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem hingað til hafa verið á borði þeirra fulltrúa í stjórnun landshlutaverkefnanna.

Með lögum 32/1991 um Héraðsskóga hófst nýtt átak – á eldri grunni – um öfluga ræktun nytjaskóga, fyrst á Fljótsdalshéraði en síðar víðar á landinu, sbr. lög 93/1997 um Suðurlandsskóga og lög 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Þar var félögum skógarbænda tryggt eitt sæti (af þremur eða fjórum) í stjórn viðkomandi verkefnis, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga 32/1991, 7. gr. laga 93/1997 og 8. gr. laga 56/1999. Skógrækt ríkisins skipaði einnig einn mann í þessar stjórnir. Þetta var eitt þeirra atriða sem skiptu miklu máli um samning þann sem skógarbændur gerðu á sínum tíma um að leggja land sitt undir þessa starfsemi auk þess sem margir þeirra hafa einnig fjárfest miklum tíma og peningum í þessa starfsemi. Verkefni grundvölluðust á því að landeigendur væru tilbúnir til að leggja land sitt undir þessa starfsemi til áratuga. Það gerðu þeir m.a. gegn loforði um að þeim yrði sameiginlega tryggð staða til að koma að ákvarðanatöku með því að eiga fulltrúa í stjórn. Þetta atriði er skýrlega dregið fram í umsögn ríkisendurskoðunar frá 4. febrúar 1991 um frv. til laga um Héraðsskóga, þar sem segir m.a. í tilvísun til almennra athugasemda frumvarpsins:

Tilgangur sérstakrar lagasetningar um Héraðsskóga er að marka stefnu og heildaráætlun um þetta átaksverkefni í skógrækt. Um er að ræða verkefni sem yrði byggt á langtímasamningum fjölmargra einstaklinga við ríkisvaldið og því nauðsynlegt að umboð þeirra, sem frá málum ganga fyrir hönd ríkisins, sé sem skýrast og einstakir bændur hafi sem öruggastan grunn að byggja á er þeir taka ákvarðanir sem binda nýtingu jarða þeirra í framtíðinni.

Í svörum Landbúnaðarráðuneytisins frá 24. apríl 1990, um það hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um Héraðsskóga segir (umsagnarskjal með frv. sem varð að lögum um Héraðsskógum):

Loks skal á það bent að hér er um að ræða mjög stórt verkefni á mælikvarða íslenskrar skógræktar sem markar tímamót í skógrækt á Íslandi og felur í sér stefnumörkun og skuldbindingar til langs tíma.

Í sama bréfi er varpað fram þeirri spurningu, af hverju verkefnið hafi ekki verið látið heyra undir Skógrækt ríkisins. Svar ráðuneytisins var svofellt:

Það var talið heppilegra, að fulltrúar nokkurra aðila fjölluðu um þetta sérstaka "verkefni" og stýrðu því. Þessir aðilar eru: Skógrækt ríkisins, landbúnaðarráðuneytið, Byggðastofnun, Búnaðarsamband Austurlands og Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði.

Með lögum 60/2016 um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameiningar stofnana) voru landshlutaverkefnið lögð niður og sameinuð Skógrækt ríkisins í nýja stofnun, Skógræktina. Þar var lögfest að í stað þess að Skógrækt ríkisins og skógarbændur hefðu sinn hvorn stjórnarmenn í þessum verkefnum, þá færi Skógræktin með allt vald, en bæri að "hafa samráð" varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og "leita umsagnar" við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar.

Þessi hugmynd sætti mikilli gagnrýni, sbr. umsagnir Félags skógarbænda á Austurlandi, dags. 15. maí 2016, Félags skógareigenda á Suðurlandi, dags. 17. maí 2016 og Landssamtakenda skógareigenda, dags. 11. maí 2016, sem Bændasamtökin gerðu einnig að sinni. Þá bentu skógarbændurnir Þorsteinn Pétursson og Guðmundur Aðalsteinsson á að skógarbændur hefðu þegið að störf þeirra og hagsmunir hefðu notið sambærilegrar velvildar og störf starfsmanna þeirra stofnana sem tengdust málinu, enda ljóst að aðstæður eru að miklu leyti sambærilegar í sumum tilvikum. Loks er rétt að fjalla um sjónarmið Skógræktar ríkisins og framkvæmdastjóra landshlutaverkefnanna (sem á þessum tíma voru orðin undirmenn skógræktarstjóra), í umsögn þeirra dags. 18. maí 2016. Þar er í fyrsta lagi lögð rík áhersla á að í lagatextanum sé rækilega tryggð staða starfsmanna þeirra stofnana/verkefna sem sameinuð voru. Síðan er fjallað um mikilvægi samráðs við skógareigendur. Þar segir m.a.:

Við undirrituð gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi þessa samráðs fyrir skógareigendur og fyrir framþróun núverandi landshlutaverkefna í skógrækt innan nýrrar stofnunar. Ekki er ástæða til að formgera það samráð frekar í þessum lagatexta, en hugsanlega mætti færa ákvæði þess efnis í ný skógræktarlög eða reglugerð seinna þegar reynsla er komin á samráðið.

Félag skógarbænda á Austurlandi telur í fyrsta lagi að það hafi verið óeðlilegt og ósanngjarnt að taka ekki jafnmikið tillit til þeirra skógarbænda sem eiga allt sitt undir starfsemi þessari, eins og gert var gagnvart þeim starfsmönnum sem hjá stofnunum starfa. Eðlilegt hefði því verið, að tryggja formgerð samráðsins í upphafi og frekar að breyta lagatextanum eftir því sem reynslan gæfi tilefni til, frekar en að byrja á því að svipta skógarbændur lagalegri stöðu sinni til áhrifa og þátttöku í ákvarðanatöku.

Í öðru lagi, þá telur Félag skógarbænda á Austurlandi tímabært að "...færa ákvæði þess [um samráðið] efnis í ný skógræktarlög.." eins og skógræktarstjóri og framkvæmdarstjórar verkefnanna lögðu til á sínum tíma. Nú er ákveðin reynsla komin á þetta samstarf og tímabært

að nýta tækifærið við setningu nýrra skógræktarlaga til að formgera þetta enn frekar í lagatextanum.

Félag skógarbænda á Austurlandi telur mjög bagalegt að skógareigendur hafi verið sviptir allri formlegri aðild að ákvörðunartöku. Engin skylda hvílir í dag á Skógræktinni að taka tillit til skoðunar skógarbænda. Um mikið hagsmunamál fyrir skógarbændur getur verið að ræða. Telur félag skógarbænda á Austurlandi að þeir hafi þannig verið sviptir mikilvægum hluta þess ávinnings sem kom í þeirra hlut við gerð skógræktarsamninga, án nokkurra bóta og án þess að ríkið hafi misst nokkuð af sínum ávinningi. Því sé verið að taka af þeim ákveðna tegund samningshagsmuna (verðmæta), bóttalaust, og beinlínis afhenda ríkisstofnun þá.

Félag skógarbænda á Austurlandi telur afar mikilvægt að skógarbændum verði gert kleift að hafa formlega aðkomu að ákvörðunum um skiptingu fjármagns sem ætlað er til bændaskógræktar, þar á meðal í hvaða verkþætti fjármagnið eigi að fara; um taxtamál og önnur brýn hagsmunamál.

Með vísan til framanritaðs gerir félag skógarbænda á Austurlandi það að tillögu sinni að önnur tveggja leiða verði valin til að tryggja ofangreinda hagsmuni:

1) Að áhrif verði tryggð í úrskurðarnefnd sem hafi vald til að endurskoða og breyta / taka nýjar ákvarðanir um ákveðin atriði.

2) Að áhrifin verði tryggð í ráðgjafanefnd, sem komi að málum á frumstigi og vinni tillögu sem Skógræktin hafi síðan lokaorð um.

Skal nú í stuttu máli vikið að þessum leiðum.

Um 1) Úrskurðarnefnd.

Yrði leið sem þessi valin, þá gæti lagatæknileg útfærsla verið í þessa veru:

Að 14. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Skógræktin skal hafa samstarf við félag skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykktar stofnkostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Þá skal Skógræktin gefa félögum skógarbænda á viðkomandi svæði, eða landssamtökum þeirra, kost á umsögn um atriði sem varða brýna hagsmuni þeirra, s.s. ákvarðanir um taxtamál og önnur brýn hagsmunamál.

Fari Skógræktin ekki að sjónarmiðum Landssamtaka skógareigenda, geta landssamtökin krafist þess að ráðherra skipi úrskurðarnefnd sem í sitja þrjú menn, einn tilnefndur af Landssamtökum skógareigenda, einn af Skógræktinni og formaður af ráðherra. Skal nefndinni heimilt að breyta eða fella niður ákvörðun Skógræktarinnar eða taka nýja ákvörðun.

Um 2) Ráðgjafarnefnd.

Þessi leið á sögulega fyrirmynd í t.d. 30. gr. laga 3/1955 um skógrækt, eftir breytingu með lögum 76/1984. Þar var svofellt ákvæði:

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði, sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

Með vísan til þessa gæti 14. gr. frumvarpsins litið svona út, verði þessi leið valin:


~~Skógræktin skal hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógaæigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks-stofnkostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr.~~

Nefnd þriggja manna skal vera Skógræktinni til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd framkvæmdaráætlunar, ræktunaráætlunar og önnur atriði er tengjast haagsmunum skógarbænda, s.s. ákvarðanir um taxtamál og önnur brýn haagsmunamála. Skal nefndin vinna tillögur til Skógræktarinnar á hverju ári áður en ákvarðanir eru teknar um ofangreind atriði. Landssamtök skógaæigenda skulu tilnefna einn fulltrúa í nefndina, Skógræktin einn og ráðherra tilnefnir einn fulltrúa sem skal vera formaður nefndarinnar.

Félag skógarbænda á Austurlandi óskar eftir að fá að fylgja þessari umsögn eftir á fundi nefndarinnar þegar málið verður tekið þar til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

f.h. félags skógarbænda á Austurlandi


Marianna Jóhannsdóttir, formaður

Góðan daginn

Sendi hér umsögn umhverfis- og framkvæmdanefndar Fljótshálsa
Kv. Stefán Bragason

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir inn til umsagnar frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407.mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 2. júní nk.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd hefur engar athugasemdir eða ábendingar fram að færa.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ofangreind afgreiðsla var staðfest af bæjarstjórn Fljótshálsa.



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 12. júní 2017
2017020032

Efni : Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017

Á 478. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 07.06.2017 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögnum vegna eftirfarandi frumvörpum til laga.

Mál nr. 406 frumvarp til laga um landgræðslu.

Mál nr. 407 frumvarp til laga um skóga og skógrækt.

Mál nr. 408. frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 2. júní

Bókun nefndarinnar:

Lagt fram til kynningar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.06.2017
Tilvísun vor: M-2017-213 / 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri við umfjöllun nefndarinnar um málið. Almennt telur Landsvirkjun efni frumvarpsins vera til framfara. Fyrirtækið hefur stundað skógrækt á svæðum við flestar aflstöðvar þess og þekja þeir skógar nú um 170 ha. Þá hefur fyrirtækið tekið þátt í Landgræðsluskógrækt í grennd við Búrfellsstöð (um 200 ha). Landsúttektir sem Skógræktin hefur gert hafa tekið til þessara og annarra verkefna Landsvirkjunar á sviði skógræktar.

Landsvirkjun hefur með samningum við Skógrækt ríkisins (nú Skógræktina) kostað skógrækt á nokkrum jörðum í eigu eða umsjá Skógræktarinnar í því augnamiði að binda kolefni á móti þeirri losun sem tengja má byggingu og rekstri aflstöðva fyrirtækisins. Samningar um þau verkefni ná til um 570 ha. Landsvirkjun telur að ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins séu í samræmi við ofangreind samskipti.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að auglýst skuli á opinberum vettvangi fyrirhugað samstarf um skógrækt. Að mati Landsvirkjunar er óljóst hvort auglýsing á fyrirhuguðu samstarfi eigi einungis við um verkefni eða samstarf sem styrkt er af Skógræktinni eða hvort allt samstarf við Skógræktina falli þarna undir, þá m. umrætt samstarf Skógræktarinnar og Landsvirkjunar, sem kostað er af Landsvirkjun. Að mati Landsvirkjunar er mikilvægt að viðhalda því góða samstarfi við Skógræktina sem verið hefur.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. júlí 2017

1705022SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til laga um skóga og skógrækt, 407. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 16. maí sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Dregist hefur að skila inn umsögn við frumvarpið og er beðist velvirðingar á því.

Frumvarpið byggir á vinnu nefndar um endurskoðun laga um skógrækt. Sambandið átti fulltrúa í samráðshópi sem kom að gerð frumvarpsins. Drög að frumvarpinu voru upphaflega birt á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 6. mars sl. og skilaði sambandið inn athugasemdum við þau. Tekið hefur verið tillit til hluta þeirra athugasemda ásamt athugasemda frá öðrum aðilum og telur sambandið þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu vera til bóta.

Sambandið er sammála því að endurskoðun sé tímabær enda eru gildandi lög um skógrækt eru orðin meira en sextíu gömul og því tímabært að þau verði endurskoðuð. Sambandið telur þó að ástæða hefði verið til að ganga lengra við breytingar á frumvarpinu.

Almennt um frumvarpið

Sambandið telur rétt í upphafi að vekja athygli á því að niðurstaða sem fram kemur í frumvarpinu er ekki í samræmi við þær áherslur sem settar voru fram af hálfu sambandsins við undirbúning frumvarpsins, en þar var m.a. horft til þess að sett yrðu ein lög um gróðurvernd í stað sérstakra laga um skógrækt. Öll ákvæði um vernd og endurheimt jarðvegs og gróðurs gætu þannig verið í einum og sömu lögunum í stað þriggja lagabálka. Ákvæði skógræktarlaga gætu þá fyrst og fremst náð til stjórnáslu málaflokksins og ákvæða sem sérstaklega snúa að styrkjakerfi til nytjaskógræktar innan þeirrar atvinnugreinar.

Sambandið bendir á að ákvæði virðist vanta í frumvarpið um málskotsleiðir vegna stjórnvaldsákvæðana sem teknar eru á grundvelli laganna, sbr. m.a. ákvæði V. kafla um vernd, umhirðu og nýtingu skóga. Þar er t.d. kveðið á um fellingarleyfi, sem hljóta að teljast vera stjórnvaldsákvörðun.

Eftirfarandi athugasemdir lúta fyrst og fremst að samspili frumvarpsins við skipulagshlutverk sveitarstjórna.

Athugasemdir við einstakar greinar

Í 4. gr. er ákvæði um landsáætlun í skógrækt sem er nýmæli. Sambandið hefur kallað eftir því að mótuð verði heildarsýn um hvert skuli stefna í skógrækt hér á landi og telur sambandið ákvæðið mjög jákvætt. Gert er ráð fyrir því að í áætluninni komi fram stefna í

skógrækt, tölusett markmið ásamt greiningu á stöðu og horfum fyrir skógrækt í landinu. Sambandið fagnar þeirri breytingu að nú er kveðið á um að einn fulltrúi í verkefnisstjórn skuli skipaður af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga en telur þó æskilegt að þeir yrðu tveir, enda hefur verkefnið mikla tengingu við skipulagshlutverk sveitarfélaga. Auk þess að hafa aðkomu að verkefnastjórn bendir sambandið jafnframt á mikilvægi þess að virkt samráð sé haft við sveitarfélög í hverjum landshluta um þetta mikilvæga verkefni.

Í 9. gr. er ákvæði um þjóðskóga. Greininni hefur verið breytt nokkuð frá upphaflega frumvarpinu en sambandið telur þó athugasemdir sem gerðar voru vegna greinarinnar í umsögn til ráðuneytisins eigi enn við. Í þeirri umsögn var bent á að með vaxandi grósku í nytjaskógrækt hjá skógarbændum fer væntanlega að verða aðkallandi að aðgreina mun skýrar stjórnarsýslu- og ræktunarstarfsemi stofnunarinnar frá því sem kalla má atvinnustarfsemi, þ.e. vinnslu og sölu á skógarafurðum og rekstri sem flokkast undir ferðapjónustu, til að tryggja jafnan samkeppnisgrundvöll í slíkri atvinnustarfsemi við einkaaðila. Er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem einkaaðilar njóta ekki opinberra styrkja til að reka ferðapjónustu sbr 14. gr. og VII. kafli samkeppnislaga nr. 44/2005.

Í V. kafli frumvarpsins er fjallað um vernd, umhirðu og nýtingu skóga, þar sem m.a. er fjallað um leyfisveitingar til þess að fella skóga en einnig er ákvæði sem fjallar um að varanleg eyðing skóga sé óheimil nema að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Sambandið telur breytingu á 18. gr. um fellingarleyfi vera til bóta en að ákvæðið þurfi enn frekari breytingar. Sambandið telur tilefni til að nefndin skoði vel ákvæði kaflans enda mætti líklega hugsa sér aðrar mögulegar útfærslur. Til dæmis kæmi vel til álita að setja inn ákvæði um að leita þurfi eftir framkvæmdaleyfi ef felling skógar er umfram tiltekið flatarmál. Jafnframt vakna spurningar um tengsl við ákvæði skipulagslaga, m.a. þegar horft er til þess að í 22. gr. er kveðið á um stjórnvaldssektir vegna brota gegn 17. og 18. gr., sem væntanlega myndi einkum eiga við um varanlega eyðingu skógar án þess að fyrir liggi framkvæmdaleyfi. Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, skal skipulagsfulltrúi stöðva slíka framkvæmd tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar. Ef framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess skal skipulagsfulltrúi stöðva framkvæmd þar til úr hefur verið bætt og tilkynna sveitarstjórn þá ákvörðun.

Einnig er ástæða til þess að ræða hvort það sé skilvirk stjórnsýsla að starfsmaður á vegum Skógræktarinnar fari yfir umsókn um byggingarleyfi eða deiliskipulagstillögur til að passa upp á að ekki fari fram röskun á skóglendi sem er stærra en 0,5 ha. að stærð, sem getur m.a. átt við um sumarhúsalóðir. Meginþorri þeirra sem kaupa sér sumarhúsalóð stefna að því að gróðursetja í lóðina sem þeir hafa keypt. Oft er verið að breyta einu gróðursamfélagi í annað, frá lágvöxnu birkikjarri í aspar og greniskóg. Því ættu yfirvöld skógræktarmála ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þeim þætti heldur nægir að treysta starfsmönnum sveitarfélaga til að fara yfir deiliskipulagsupprætti. Ef þeir eru í vafa geta þeir hins vegar leitað umsagnar Skógræktarinnar.

Í 24. og 25. gr. frumvarpsins er fjallað um þvingunarúrræði og stjórnvaldsektir. Um er að ræða nýmæli í lögnum. Sambandið telur umræddar heimildir ganga of langt og vera óþarflega íþyngjandi ekki síst í ljósi þess að um er að ræða miklar breytingar á núverandi kerfi og hlutverki Skógræktarinnar. Telur sambandið að dagsektir fyrir allt að kr. 500.000 á dag og stjórnvaldssektir fyrir allt að kr. 1.000.000 vera óhóflegar upphæðir og að ekki þurfi að ganga svo langt til að ákvæði frumvarpsins nái markmiði sínu. Um eðlisbreytingu er að ræða á hlutverki Skógræktarinnar og teldi sambandið því heppilegra að vægari skref væru tekin í upphafi. Sambandið telur að lágmarki, ef upphæðir verða óbreyttar, sé rétt að gera þá kröfu um að brot séu alvarleg eða endurtekin ef beita á jafn íþyngjandi heimildum.

Frekari áherslur sambandsins varðandi löggjöf um skógrækt

Í stefnumörkun um skógrækt á Íslandi hefur skort á að tekin sé afstaða til þess hvernig löggjöf um skipulagsmál og leyfisveitingar þurfi að breytast til þess að skapa skýrara lagaumhverfi um skógræktarstarf.

Að álitum sambandsins er óhjákvæmilegt að við stefnumótun af þessum toga verði fjallað um og tekin afstaða til grundvallaratriða á borð við það hvort skógrækt á svæðum sem eru minni en 200 ha. skuli vera tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í því sambandi þarf að hafa í huga að skógrækt getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á ásýnd lands. Er m.a. vert að hafa í huga að sérstaða landsins sem ferðamannalands byggist e.t.v. ekki síst á því að vegna þess hve landið er skóglaut er útsýni betra en gengur og gerist í öðrum löndum.

Ekki hefur verið mótuð stefna af hálfu stjórnvalda um hvort skynsamlegt sé að styrkja skógrækt á góðu ræktarlandi. Í því samhengi vill sambandið minna á skýrslu nefndar um landnotkun sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði, frá árinu 2010. Þar segir m.a. að gott ræktunarland er ekki endilega ákjósanlegt til skógræktar, enda er oft erfitt að koma trjáplöntum á legg í slíku landi, t.d. í aflögðum túnum og mjög grasgefnu landi. Víða er plantað skógi í fremur rýrt land t.d. í hlíðum, ofan sléttlendis, sem illa henta til túnræktar. Eitthvað virðist þó vera um skógrækt í góðu ræktunarlandi. Á hinn bóginn er til þess að líta að frjósamur jarðvegur kemur allri ræktun til góða, og að því gefnu að ræktanlegt land á Íslandi sé mun meira en nú er nýtt til ræktunar, telur nefndin ekki þörf á því að takmarka skógrækt á slíku landi. Raunar má halda því fram að eðlilegt sé að skógur sé ræktaður á ákveðnu hlutfalli ræktanlegs lands, án þess að það sé bundið við skjólbeltarækt.

Engu að síður taldi nefnd um landnotkun fulla ástæðu til þess að íhugað verði hvort stjórnvöldum sé rétt að taka tillit til röskunar á góðu ræktunarlandi við skipulagningu nýskógræktar, sem nýtur styrks hjá landshlutaverkefni í skógrækt. Þar kemur mjög til athugunar, með hliðsjón af markmiðum um nýtingu góðs ræktunarlands, að almenna reglan verði að opinberum framlögum til skógræktar sé ekki varið til þess að rækta skóg í túnum eða akurlendi, sérstaklega í góðum akuryrkjuhéruðum.

Ekki virðist vera vikið að framangreindri ábendingu í frumvarpinu. Einnig er tilefni til að hyggja að ýmsum öðrum atriðum sem tengjast skipulagsvinnu, m.a. að tryggt verði að fornleifaskráning fari fram áður en skógrækt getur hafist.

Lokaorð

Að álit sambandsins gefa framangreindar athugasemdir tilefni til þess að fara nánar ofan í tiltekin atriði frumvarpsins og væri mögulega skynsamlegra að taka lengri tíma til samráðs áður en málið fær þinglega meðferð.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

19. maí 2017

Þingskjal 538 – 407. mál

Skógar og skógrækt

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar þessu nýja frumvarpi til laga um skóga og skógrækt og sérstaklega þeim áherslum sem þar eru lagðar um vernd, endurheimt, ræktun, meðferð og sjálfbæra nýtingu skóga, þróun skógræktar með ástundun rannsókna og þróunarstarfs og síðast en ekki síst að stuðla beri að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum. Sömuleiðis er ánægjulegt að sjá að gert er ráð fyrir nánu samstarfi við sveitarfélögin, m.a. um gerð framkvæmdaáætlana.

Ljóst er að lyfta þarf grettistaki á komandi árum til að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í tengslum við Parísar-samkomulagið og Kyoto-bókunina. Skógræktin getur þar leikið lykilhlutverk og því mikilvægt að um starfsemi hennar sé fjallað með skýrum hætti í lögum og að fjármagn til hennar verði stóraukið.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal,
formaður stjórnar



1966-2016

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

2. júní 2017

Umsögn Samorku um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál

Með vísan í póst frá nefndasviði Alþingis frá 16. maí, þar sem tilkynnt var að Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Samorku til umsagnar frumvarp til laga um skóga og skógrækt, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Fram kemur í greinargerð lagafrumvarpsins að lögð sé áhersla á „aukna útbreiðslu skóga og uppbyggingu skógarauðlindarinnar, þróun skógarnytja til verðmætasköpunar, nýsköpunar og byggðaþróunar, aðgengi fólks að skógum og jákvæð áhrif þeirra á umhverfi mannsins og lýðheilsu, vistkerfisþjónustu skóga, þ.m.t. fyrir jarðvegsvernd, vatnsvernd og líffræðilega fjölbreytni og þátt skógræktar í mótvægisáðgerðum til að stemma stigu við hnattrænum loftslagsbreytingum og aðlögun skógræktar að þeim.“

Samorka tekur vel í þau markmið sem sett eru fram í frumvarpinu, en vill koma á framfæri nokkrum ábendingum. Í fyrsta lagi benda samtökin á að taka þurfi tillit til vatnsverndarsjónarmiða í frumvarpinu. Það eru fá mál jafn mikilvæg fyrir umhverfi landsins og heilsufar þjóðarinnar og vatnsvernd. Á Íslandi er yfirgnæfandi meirihluti þess neysluvatns sem vatnsveitur skila til neytenda ómeðhöndlað. Það þýðir að til þess að tryggja heilnæmi og öryggi neysluvatnsins, þá þarf að leggja gríðarlega áherslu á vatnsverndina.

Samorka vill auk þess benda á að mikilvægt er að í lögunum sé gert ráð fyrir samhengi skógræktar við nauðsynlega uppbyggingu innviða í landinu. Þá er ekki verið að tala um að slá af þeim góðu markmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu, einungis að tryggja að í lögunum séu ekki settar fram kröfur sem séu íþyngjandi m.t.t framkvæmda við nauðsynlega uppbyggingu innviða. Samtökin leggja til að löggin verði skoðuð í þessu samhengi.

Eftirfylgjandi eru athugasemdir samtakanna við einstaka greinar frumvarpsins, en þar er að finna tvær tillögur sem miða báðar að því að tryggja að ávallt sé tekið tillit til sjónarmiða vatnsverndar við skógrækt sem getur haft áhrif á vatnsvernd.

Athugasemdir við einstaka greinar

4. grein - Landsáætlun í skógrækt

Að mati samtakanna er mikilvægt að í landsáætlun í skógrækt, verði bætt í upptalninguna að gera þurfi grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnsvernd.

6. grein - Ræktunaráætlun

Samtökin leggja til að vatnsverndarsvæði verði sérstaklega tiltekin í greininni, í stað þess að tala um verndarsvæði almennt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

S.N. Kjærnestal, 02.06.17

Sigurjón Norberg Kjærnestal,

Staðgengill framkvæmdastjóra

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík.

Neskaupstað, 2. júní 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt.

Ráðuneytið hefur óskað eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt. Þingskjal 538 – 407. mál.

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna endurnýjun laga um skógrækt og þeirri áherslu sem náttúruskógar og líffræðileg fjölbreytni fá í frumvarpinu.

SNS bendir á að mikilvægt er að tilgreint verði í frumvarpinu að ekki verði notaðar ágengar tegundir við skógrækt á Íslandi. Er það í samræmi við það markmið laganna að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og í samræmi við alþjóðasamninga um náttúruvernd sem Íslendingar hafa fullgilt.

Í 4. gr segir að „ráðherra skipi fimm manna verkefnisstjórn“. Mikilvægt er að gerðar séu kröfur um fagþekkingu á sviði skógræktar innan slíkrar verkefnisstjórnar og því væri skynsamlegt að hlutaðeigandi fagstofnanir tilnefndu fulltrúa í verkefnisstjórn.

Fjallað er um mikilvægi þess að auka þekkingu á skógum og skógrækt og stunda rannsóknir á þessu fræðasviði í ýmsum köflum og greinum frumvarpsins. Við fögnum því og leggjum til að aukin áhersla á rannsóknir á sviði skóga og skógræktar verði eitt af markmiðum laganna.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landsamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 02. júní 2017

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni : Umsögn um Frumvarp til laga um skóga og skógrækt. 146. löggjafarþing 2016-2017.

Skógræktarfélag Íslands fagnar því að fram sé komið frumvarp um skóga og skógrækt enda löngu orðið tímabært að endurnýja lög frá miðri síðustu öld.

Í frumvarpsdrögunum er ýmislegt sem er til bóta og kemur eðlilega inn sem fylgifiskur breytinga sem hafa átt sér stað á 60 ára tímabili. Má meðal annars nefna að í 9. gr. frumvarpsins er bryddað á þeirri nýjung að Skógræktin geti tekið þátt í að styðja almennt við skógrækt, m.a. félagasamtaka, og þó að þetta sé ekki útfært nákvæmlega gæti þetta ákvæði gagnast með ýmsum hætti í starfi skógræktarféлага.

Þrátt fyrir þá staðreynd að frumvarpið sé fyrst og fremst rammi um stjórnsýslu í landinu þá eru einstaka atriði frumvarpsins sem vega þungt í starfi skógræktarféлага og geta því haft bein áhrif á starfsemi þeirra.

Eftirfarandi athugasemdir beinast því öðru fremur að þeim málum sem Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélag þess hafa lagt áherslu á með einum eða öðrum hætti.

Í 3. gr frumvarpsins er hugtak sem félagið telur mikilvægt að komi inn í orðskýringu en það er þá í framhaldi málsliðar *n* og er eftirfarandi:

o. Útivistarskógur : Skógur sem þjónar fyrst og fremst samfélagslegum markmiðum og er ræktaður og nýttur til útivistar og lýðheilsu. Útivistarskógur þarf að hafa til að bera gott aðgengi þar sem lögð er áhersla á góða stíga og fjölbreytta innviði auk þess sem fjölbreytt samsetning trjátegunda eykur gildi þeirra. Góð umhirða og eftirlit er mikilvægur þáttur til að skógarnir skapi eftirsóknarverða upplifun og standi fyrir þau gildi sem talin eru eftirsóknarverð.

Þó að IV. kafli, *Skógrækt á lögbylum*, tengist ekki skógræktarfélagum nema að takmörkuðu leyti þá er í þessum kafla rammi um það hvernig styrkir renna til skógræktar. Enn virðist það vera þannig að takmörkuðu fjármagni sem rennur úr ríkiskassanum er hvorki forgangsraðað né gerð tilraun til að efla skógrækt þar sem hún á ef til vill meiri möguleika á því að lifa og

dafna og verða að sjálfbærri auðlind. Reyndar er tæpt á þessu í 6. grein, þar sem rætt er um hagræðingu, m.a.

að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla og samþættingu við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga. Samt virðist í kaflanum um *Skógrækt á löghýlum* engin viðleitni vera gerð til þess að hagræða með þeim hætti að ríkari áhersla verði lögð á uppbyggingu skógræktar þar sem skilyrði eru hvað best. Skógrækt á Melrakkasléttu fær sömu styrki og bóndi í uppsveitum Árnessýslu. Því er lagt til að við 16. grein verði bætt við svohljóðandi texta.:

- A Á grundvelli samnings um skógrækt er heimilt að greiða allt að 100% af samþykktum stofnkostnaði við skógrækt á þeim svæðum á landinu þar sem nytjaskógrækt er talin vera hvað arðbærust þ.e. nemur $> \text{en } 7 \text{ m}^3/\text{ha}/\text{ári}$
- B Heimilt að greiða allt að 80% af samþykktum stofnkostnaði við skógrækt á þeim svæðum á landinu þar sem árlegur vöxtur nemur $4 - 7 \text{ m}^3/\text{ha}/\text{ári}$.
- C Heimilt að greiða allt að 60% af samþykktum stofnkostnaði við skógrækt á þeim svæðum á landinu þar sem árlegur vöxtur er $< \text{en } 4 \text{ m}^3/\text{ha}/\text{ári}$.

Í 22. gr er fjallað um búfé og heimildarleysi þess í skógi eða skógræktarsvæðum nema með leyfi viðkomandi eiganda. Hér er því miður engin tilraun gerð til þess að gera eigendur búfjár ábyrga á lausagöngu. Í greininni þar á undan er fjallað um varanlega eyðingu skóga þar sem verulegar skorður eru settar fyrir eyðingu þeirra. Óheft beit hefur svo sannarlega víða leitt til varanlegrar eyðingar skóga og staðreyndin er sú að skógræktarfélag glíma árlega við lausagöngu í skógarreitum með tilheyrandi vinnu, fyrirhöfn og kostnaði. Því vill Skógræktarfélag Íslands nota tækifærið og setja inn sektarákvæði eða íþyngjandi ákvæði þannig að eigendum búfjár sé skylt að smala og fjarlægja búfé á sinn kostnað. Ákvæðið eins og það er að óbreyttu hefur takmarkaðan tilgang

Grein 22 hljóði því svo :

Varsla skóga.

Óheimilt er að beita búfé í skógi eða skógræktarsvæði nema með leyfi viðkomandi skógareiganda, enda sé skógurinn eða skógræktarsvæðið girt girðingu sem fullnægir skilyrðum girðingarlaga nr. 135/2001. Eiganda búfjár er skylt að fjarlægja búfé sem komist hefur í skógræktargirðingu á sinn kostnað. Þá ber honum að greiða fullar bætur af tjóni sem sannanlega hefur orðið. Kalla skal til sérfræðing frá Skógræktinni til að meta tjón og skal búfjäreigandi bera fullan kostnað, sé það staðfest.

Sé þess óskað sérstaklega, er fulltrúum í stjórn og/eða framkvæmdastjóri reiðubúinn að útskýra og svara spurningum umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Með skógræktarkveðjum,
F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík 30. mars 2017

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt á 146. löggjafarþingi málsnúmer 407.

Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur fagnar nýju frumvarpi til laga um skógrækt. Skógræktarfélagið leggur áherslu á að Alþingi taki til skoðunar og bæti inn í lagafrumvarpið ákvæði um sérstaka friðun trjáa og skóga. Með tilvísun í rökstuðning og meðfylgjandi úrdrátt úr „Greinargerð starfshóps til umhverfiráðherra með tillögum að efni nýrra skógræktarlaga 2012“ <https://www.umhverfisraduneyti.is/media/skograektarskyrsla-2012/skograektargreinargerð-lokaskyrsla-juni-2012.pdf>

Við þetta er því að bæta, að það vakti fyrir þeim sem þessa greinargerð sömdu, að í náttúruverndarlögum væru engin ákvæði sem lúta að verndum svokallaðra manngerðra náttúrusvæða. Víðs vegar um land hafa bæði einstaklingar, frjáls félagasamtök og opinberir aðilar staðið fyrir umfangsmiklum ræktunarstörfum um langan aldur. Þar eru nú víða náttúrulegir unaðsreitir eftirsóttir til útivistar og augnayndis. Þessir reitir njóta engrar opinberrar verndar og geta viðkomandi sveitarfélög eða landeigendur skipulagt þau undir byggð eða til annarrar framandi notkunar, án þess að spyrja kóng eða prest. Þekkt er sú hugmyndavinna sem fram fór á vegum Orkuveitu Reykjavíkur um íbúðabyggð meðfram Elliðavatni í Heiðmörk. Enga lagalega viðspyrnu var neins staðar að finna til að spyrna þessu í mót. Hrunið eitt kom í veg fyrir að þær hugmyndir yrðu unnar frekar. Afar mikilvægt er hafa skýr ákvæði um heimild ráðherra eða Skógræktarinnar til að vernda þessi svæði, því ágengni vex í að þau eða hlutar þeirra verði skipulögð undir byggð. Það er því mikilvægt að tillögur þær, um verndunarákvæði fyrir manngerð náttúrusvæði, sem starfshópurinn frá 2012 sameinaðist um, verði hluti að frumvarpi sem samið verði á grundvelli greinargerðar hópsins.

F.h. Skógræktarfélags Reykjavíkur

Þröstur Ólafsson formaður

Útdráttur úr greinargerð starfshóps umhverfisráðherra:

„8.3. Sérstök friðun trjáa og skóga

Ákveðin tré, lundir og skógar geta haft sérstakt gildi fyrir samfélagið af ýmsum ástæðum. Leggur nefndin til að ráðherra verði heimilt að friða sérstaklega einstök tré, lundi eða skóga sem hafi sérstakt gildi. Geta það verið félagslegir, menningarsögulegir, umhverfislegir eða líffræðilegir þættir sem valda því að ástæða getur þótt að friða tré, lundi eða skóga sérstaklega. Með þessu ákvæði er lagt til að á grunni skógræktarlaga geti stjórnvöld friðað ákveðin tré, lundi eða skóga. Það geta verið stök tré sem geta haft sérstaka sögulega þýðingu. Dæmi um það gæti verið silfurreynirinn við Aðalstræti sem Schierbeck landlæknir gróðursetti árið 1884 og er elsta tré Reykjavíkur eða “hríslan” úr ljóði Páls Ólafssonar “Hríslan og lækurinn” í Hallormsstaðaskógi. Einnig gæti þetta ákvæði átt við tré með einstöku erfðaefti sem sérstök ástæða væri talin að friða.

Þessu ákvæði gæti einnig verið beitt á einstaka trjálundi eða skóga sem ástæða þætti að nytu slíkrar sérstakrar verndar, en ættu ekki heima í hefðbundnum friðlýsingum á grundvelli náttúruverndarlaga. Dæmi um slík svæði gætu verið Skrúður í Dýrafirði, Mörkin á Hallormsstað eða Hólavallakirkjugarður¹¹, sem hafa fyrst og fremst ræktunarlegt og/eða sögulegt gildi en ekki náttúruverndargildi sem slík.

11 Hólavallakirkjugarður var tilnefndur til umhverfsverðlauna Norðurlandaráðs 2005.

12 Upplýsingar um friðun útivistarskóganna í Oslomarka í Noregi. <http://www.regjeringen.no/nb/dep/md/dok/regpubl/otprp/2008-2009/otprp-nr-23-2008-2009-.html?id=541061>

Þetta ákvæði skal einnig ná til stærri svæða sem sérstök ástæða þætti að veita slíka stöðu og friða. Það gætu verið svæði sem hefðu sérstakt gildi til útivistar fyrir almenning. Dæmi um slík svæði væru til dæmis Heiðmörk, Öskjuhlíð og Kjarnaskógur. Hefur nefndin m.a. litið til þeirra þátta sem lagðir voru til grundvallar þegar norsk stjórnvöld friðuðu nýlega útivistarskóga í kringum byggðina við Oslófjörð, Oslomarka¹². Svæðið Oslomarka var friðað með sérlögum sem náttúru- og útivistarsvæði með sérstökum ákvæðum um að hagsmunir náttúru og útivistar almennings hafi þar forgang.

Nefndin telur að framkvæmd þessa ákvæðis væri best komið með að Skógrækt ríkisins starfræki sk. friðunarnefnd. Í nefndinni sætu þrír fastafulltrúar; einn frá Skógrækt ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Skógræktarfélagi Íslands. Þeim bæri síðan að kalla til samstarfs einn eða fleiri aðila til að vinna við einstök friðunarverkefni. Í öllum tilvikum yrði þar um að ræða fulltrúa viðkomandi sveitarfélags og eigendur trjáanna/skóganna en síðan eftir 22

atvikum sérstaka hagsmunaaðila s.s. útvistarfélög, skógræktar- eða garðyrkjufélög eða sérfræðinga. Nefndin getur tekið upp mál sjálf eða fengið sendar rökstuddar ábendingar. Hver friðunaraðgerð skal fela í sér rökstudda greinargerð fyrir ástæðum hennar og síðan sérstakar reglur fyrir meðferð viðkomandi fyrirbæris. Friðunin myndi eðlilega þurfa að byggja á samþykki viðkomandi eiganda.

Nefndin leggði tillögur sínar fyrir ráðherra sem síðan tæki afstöðu til þeirra og gæfi síðan út. Jafnframt er mikilvægt að um þetta ákvæði laganna séu settar skýrar og leiðbeinandi reglur. Tillögur nefndarinnar um þennan kafla laganna eru því svohljóðandi:

-Umhverfiráðherra getur, að fengnu áliti Skógræktar ríkisins, friðað einstök tré, trjálundi eða skóga.

-Skógrækt ríkisins undirbýr friðunina og starfrækir í því skyni nefnd sem í sitja þrír fastafulltrúar, frá Skógrækt ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skógræktarfélagi Íslands. Til viðbótar kalla þeir til 1-3 fulltrúa hlutaðeigandi aðila, eftir eðli og umfangi hvers friðunarverkefnis.

Nefndin útbýr friðunarskilmála þar sem fjallað er um vernd, meðferð, mögulegar aðgerðir og skyldur aðila. Friðunin tekur gildi þegar ráðherra staðfestir skilmálana með undirskrift og er hún ígildi reglugerðar.

-Friðun skv. þessari grein er háð samþykki eigenda viðkomandi trjáa, lunda eða skóga og viðkomandi sveitarfélags.

-Skógrækt ríkisins heldur skrá yfir friðuð tré, lundi og skóga skv. ákvæði þessu“

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Egilsstaðir, 2. júní 2017

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til skógræktarlaga.

Skógræktin fagnar fram komnu frumvarpi til nýrra skógræktarlaga og æskir þess eindregið að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Ný lög munu færa lagalegt umhverfi sem Skógræktin starfar eftir til nútímans, en það eru helst markmiðin í núgildandi lögum frá 1955 sem enn eru nothæf. Þau koma vel fram í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu eru þó nokkur atriði sem betur mættu fara og því leggur Skógræktin til eftirfarandi breytingar:

Í **1. gr., b. lið** frumvarpsins (Markmið) stendur „að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni“.

Skógræktin leggur til að 1. gr., b. lið verði: „að vernda og efla líffræðilega fjölbreytni“.

Skýring:

Enginn vafi er á að með ræktun nýrra skóga á áður skóglausu – svo ekki sé talað um á gróðursnauðu, örfoka landi – megi *efla* líffræðilega fjölbreytni (fjölga lífverutegundum á því skógræktarlandi frá því sem fyrir var, auka mun í tegundasamsetningu milli svæða, efla lífslíkur lífverutegunda sem háðar eru skógi, o.fl.). Hins vegar er óvíst að með því takist að *endurheimta* þá líffræðilegu fjölbreytni sem fyrir var á einhverju ótilgreindu tímaskeiði mannkynssögunnar eða jarðsögunnar. Með þessari breytingu sem hér er lögð til (að skipta orðinu „efla“ út fyrir „endurheimta“) verður markmiðið skýrara og staðfestanlegra við mat á árangri við að ná þessu markmiði skógræktarlaga.

Í **1. gr., e. lið** frumvarpsins (Markmið) stendur: „að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd og þá sérstaklega 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið“

Skógræktin leggur til að 1. gr., e. liður verði: „að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd“

Skýring:

Skógræktin leggur til að sleppt verði að tiltaka sérstaklega tvær greinar náttúruverndarlaga í þessum lið. Allt eins mætti benda á einstök ákvæði skipulagslaga, laga um minjavernd eða jarðalaga sem snerta skógrækt á einhvern hátt. Það er sjálfgefið að farið verði að landslögum öllum við að framfylgja markmiðum skógræktarlaga og því óþarfi að tilgreina einstök lög sérstaklega, hvað þá einstakar greinar slíkra laga.

Í **2. gr., 8. tölulið** frumvarpsins (Orðskýringar) stendur: „Sjálfbær nýting skóga: Ræktun, umsjón og nýting skóga og skóglendis sé hagað þannig að viðhaldið sé líffræðilegri fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun og þrótti skóga. Þá sé gætt að samfélagslegum, hagrænum og vistfræðilegum þáttum og áhrifum á önnur vistkerfi.“

Skógrækin leggur til að 2. gr., 8. töluliður verði: „*Sjálfbær nýting skóga*: að endurreisn, varsla og notkun skóga og skóglendis sé hagað þannig og unnin á þeim hraða að líffræðileg fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun, þróttur og geta þeirra til að veita, núna og til frambúðar, viðeigandi vistfræðilega, hagræna og félagslega þjónustu, á staðar-, lands- og heimsvísu sé viðhaldið, án þess að skaða önnur gæði.“

Skýring:

Skógræktin leggur eindregið til að notuð verði þessi alþjóðlega viðurkennda skilgreining á sjálfbærri nýtingu skóga¹. Þessi skilgreining var í fyrri drögum frumvarpsins og skýringuna á henni er enn að finna í greinargerð með þessu frumvarpi. Sjálfbærni er hornsteinn skógræktar og átti uppruna sinn í skógrækt. Því er afar mikilvægt að alþjóðlega viðurkennd skilgreining á sjálfbærri nýtingu skóga sé í íslenskum skógræktarlögum.

Í **5. gr., 2. málslíð** frumvarpsins stendur: „Í framkvæmdaáætlun skal tilgreina alla skóga og skógræktarsvæði, sbr. 8. gr., landsvæði sem fyrirhugað er að hefja skógrækt á samkvæmt landsáætlun og aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum, náttúruverndarlögum og öðrum lögbundnum verndarákvæðum.“

Skógræktin leggur til að 5. gr., 2. másl. verði: „Í framkvæmdaáætlun skal tilgreina alla skóga og skógræktarsvæði, sbr. 8. gr., aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum, lögum þessum og öðrum lögum og hvernig samstarfi við sveitarfélög um skógrækt verði háttað.“

Skýring:

Skógræktin leggur hér til þrjár breytingar: 1) að ekki verði tilgreind fyrirhuguð skógræktarsvæði skv. landsáætlun. 2) að tilvísun í ákvæði annarra laga verði almenn en ekki bundin eingöngu við náttúruverndarlög og önnur verndarákvæði og 3) að við bætist að fjallað verði um samskipti við sveitarfélög. Breytingar 1) og 3) snúa að sama atriði, þ.e. að fyrirhuguð skógræktarsvæði verða ekki tilgreind sérstaklega í landsáætlun. Helstu áherslusvæði sem kunna að þykja vænleg til stærri skógræktarverkefna verða tilgreind í Landsáætlun. Ný skógræktarsvæði t.d. á

¹ „The stewardship and use of forests and forest lands in a way, and at a rate, that maintains their biodiversity, productivity, regeneration capacity, vitality and their potential to fulfill, now and in the future, relevant ecological, economic and social functions, at local, national, and global levels, and that does not cause damage to other ecosystems.“ (Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna – FAO - <http://www.fao.org/forestry/sfm/en/>; Fundir skógarmálaráðherra Evrópulanda – ForestEurope: <http://foresteurope.org/wp-content/uploads/2016/08/VienalndiDef.pdf> - bls. 17).

bújörðum eru þó almennt ekki ákveðin með neinum teljandi fyrirvara. Þegar landeigandi óskar eftir að hefja skógrækt á landi sínu fer slík áætlun í tiltekið ferli sem einkum felur í sér framkvæmdaleyfi sveitarfélags. Það er því illmögulegt að tilgreina nákvæmlega fyrirhuguð skógræktarsvæði með þeim fyrirvara sem felst í áætlunum til margra ára. Þess í stað er mikilvægt að skilgreina ákvörðunarferli um ný skógræktarsvæði með sveitarfélögum og aðkomu annarra aðila eftir atvikum. Breyting 2) snýr að því að með framkvæmdaáætlunum er fyrst og fremst verið að útfæra ákvæði þessara laga og tillit tekið til annara laga, þ.á m. náttúruverndarlaga, skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum o.fl. Eins og orðalagið er núna mætti ætla að framkvæmdaáætlanir í skógrækt ættu einkum að útfæra skipulagsáætlanir og náttúruverndarlög en hefðu lítið með skógrækt að gera.

Í 6. gr., 1. málslíð frumvarpsins stendur: „Vinna skal ræktunaráætlun fyrir alla nýræktun skóga.“

Skógræktin leggur til að 6. gr., 1. málsl. verði: „Vinna skal ræktunaráætlun fyrir alla nýræktun skóga *sem nýtur ríkisframlaga*.“

Skýring:

Skógræktin telur að það sé bæði óæskilegt og óvinnandi vegur að skylda einkaaðila sem rækta skóg á eigin vegum og greiða allan kostnaðinn úr eigin vasa til að láta gera ræktunaráætlanir. Einkaaðilar sem eru að rækta skóg án ríkisstuðnings eru í langflestum tilvikum að rækta þann skóg á sumarhúsalóðum eða öðrum litlum svæðum þar sem ekki er hætt á árekstrum við verndarsjónarmið og því ekki ástæða til að hafa sérstakt opinbert eftirlit. Óframkvæmanlegt er að fylgja eftir kröfunni um að allir sem gróðursetja tré hjá sér geri fyrst ræktunaráætlun.

Í 6. gr. 2. málsl. frumvarpsins leggur Skógræktin til að sleppa orðinu „vistgerðum“ og að ekki verði gerð krafa um að ræktunaráætlun innihaldi kort af vistgerðum.

Skýring:

Skógræktin leggur til að ekki verði krafa um að láta vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands fylgja ræktunaráætlunum í skógrækt. Þeir sem hafa skoðað vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands sjá að flest svæði eru samsöfn smárra bletta með mismunandi vistgerðum. Auk þess fór kortlagningin fram með fjarkönnun en aðeins lítill hluti svæða sannreynður á jörðu niðri. Með slíkri kortlagningu er hægt að ná sæmilegri heildartölu yfir flatarmál mismunandi vistgerða en staðsetning þeirra og dreifing á smærri skala er afar ónákvæm. Þau eru því of nákvæm að því leyti að það eru margar vistgerðir en ekki nákvæm m.t.t. staðsetningar hvorrar þeirra. Þau nýtast ekki við ákvarðanatöku um skógrækt, hvorki til að taka ákvarðanir um val á trjátegundum né um staðsetningu vistgerða sem hugsanlega þyrftu verndar við. Þau hafa auk þess of veika stöðu í lögum, reglugerðum og stjórnkerfi til þess að þau megi nýta sem stjórnþæki við gerð ræktunaráætlana um nýskógrækt.

Í **6. gr., 2. mgr.** frumvarpsins stendur: „Skógræktin skal gefa út leiðbeiningar um nýræktun skóga.“

Skógræktin leggur til að 6. gr., 2. mgr. verði: „Skógræktin veitir leiðbeiningar um nýræktun skóga og gerð ræktunaráætlanana.“

Skýring:

Skógræktin leggur til að í stað orðanna „skal gefa út“ komi orðið „veitir“. Það eru margar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri og Skógræktin notar þær flestar. Orðið „veitir“ nær þeirri breidd betur en „skal gefa út“. Auk þess fjallar þessi grein um ræktunaráætlanir og því er eðlilegt að gera ráð fyrir að Skógræktin leiðbeini um þær sérstaklega auk almennra leiðbeininga um nýræktun skóga.

Í **8. gr., 1. mgr.** frumvarpsins stendur: „Skógræktin skal halda skógaskrá yfir alla skóga landsins.“

Skógræktin leggur til að 8. gr., 1. mgr. verði: „Skógræktin skal halda skógaskrá yfir alla skóga og annað viði vaxið land á Íslandi.“

Skýring:

Kjarrlendi sem er t.d. lægra en 2 m þegar það kjarr er fullvaxið nær ekki að uppfylla skilgreiningu á „skógi“ skv. 2. gr. frumvarpsins. Slíkt kjarr telst því ekki skógur, en engu að síður „annað viði vaxið land“ (e. „other wooded land“) skv. alþjóðlegri skilgreiningu. Íslendingum ber skv. kröfum ForestEurope, FAO og Loftslagssamnings S.þ. að meta flatarmál, útbreiðslu og kolefnisbindingu í slíkum skógum og öðru viði vöxnu landi eftirleiðis sem hingað til. Því er nauðsynlegt að skógaskráin nái jafnt yfir skóga og lágvaxnara kjarr (þ.e., yfir annað viði vaxið land og ekki bara skóga).

Í **11. gr., 1. mgr., 1. málsl.** frumvarpsins stendur: „Skógræktin gerir samninga við einstaka skógræktarbændur um framlög til skógræktarverkefna samkvæmt ákvæðum laga þessara.“

Skógræktin leggur til að 11. gr., 1. mgr., 1. málsl. verði: „Skógræktin gerir samninga við einstaka skógræktendur um framlög til skógræktarverkefna samkvæmt ákvæðum laga þessara.“

Skýring:

Skógræktin leggur til að orðið „skógræktendur“ komi í stað „skógræktarbændur“. Hugtakið „skógræktarbóndi“ er ekki í notkun. Þeir sem rækta skóg á sínum jörðum kalla sig gjarnan skógarbændur en félag þeirra kaus að kalla sig Landsamtök skógareigenda. Til skógræktenda teljast fleiri hópar fólks en aðeins bændur, s.s. skógræktarfélög, umhverfissamtök, einkafyrirtæki o.fl. Til er fleiri tegundir eignarhalds á lögbýlum og því eðlilegast að nota hugtakið „skógræktendur“

Í **12. gr., 1. mgr.**, síðasti málsl. stendur: „Skuldin fellur að fullu niður eftir 40 ár, þó þannig að framlög sem veitt eru síðustu tíu ár fyrir uppsögn fyrnast ekki.“

Skógræktin leggur til að 12. gr., 1. mgr., síðasti másl. verði: „Endurgreiðslukrafan fellur að fullu niður eftir 40 ár, þó þannig að framlög sem veitt eru síðustu tíu ár fyrir uppsögn fyrnast ekki.“

Skýring:

Skógræktin leggur til að orðið „Endurgreiðslukrafan“ komi í stað „Skuldin“ í upphafi setningar því það er það sem um er að ræða en ekki skuld.

Í 16. gr. 1. mgr., 2. másl. frumvarpsins stendur: „Skógræktin skal gefa út leiðbeiningar um grisjun skóga.“

Skógræktin leggur til að 16. gr. 1. mgr., 2. másl. verði: „Skógræktin veitir leiðbeiningar um grisjun skóga.“

Skýring:

Skógræktin leggur til „veitir“ í stað „skal gefa út“ vegna meiri breiddar hugtaksins, sbr. skýringuna vegna 6. gr., 2. mgr. hér að ofan.

Í 16. gr., 1. mgr., 3. másl. frumvarpsins stendur: „Við umhirðu og nýtingu skóga skal ávallt leitast við að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið.“

Skógræktin leggur til að 16. gr., 1. mgr., 3. másl. verði: „Við umhirðu og nýtingu skóga skal ávallt leitast við að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið án þess að rýra möguleika komandi kynslóða á að njóta sama ávinnings.“

Skýring:

Skógræktin leggur til nauðsynlega viðbót við setninguna til að ná merkingu sjálfbærni, sem greinin fjallar um. Orðalagið í frumvarpinu má skilja á þá lund að samfélagið skuli kappkosta að hámarka skammtímaávinning, án tillits til hagsmuna óborinna kynslóða.

Í 16. gr., 2. mgr. frumvarpsins stendur: „Ráðherra setur í reglugerð viðmið um sjálfbæra skógarstjórnun, þ.m.t. um grisjun.“

Skógræktin leggur til að 16. gr., 2. mgr. verði: „Ráðherra setur í reglugerð viðmið um sjálfbæra skógrækt.“

Skýring:

Skógræktin leggur til að hugtakið „skógrækt“ komi í stað „skógarstjórnun“.

Skógarstjórnun er þýðing á enska hugtakinu „forest management“ sem er ekki notað í íslensku tali. Hugtakið skógrækt dugur fullkomlega til að ná sömu merkingu. Auk þess er óþarfi að tiltaka grisjun sérstaklega í lok setningarinnar því sjálfbærni viðmið skógræktar ná til allra þátta starfsins.

Í **17. gr., 1. mgr., 3. másl.** frumvarpsins stendur: „Skógræktin metur hvort umsókn sé í samræmi við viðmið um sjálfbærni í skógarstjórnun, sbr. 2. mgr. 16. gr.“

Skógræktin leggur til að 17. gr., 1. mgr., 3. másl. verði: „Skógræktin metur hvort umsókn sé í samræmi við viðmið um sjálfbærni í skógrækt, sbr. 2. mgr. 16. gr.“

Skýring:

Skógræktin leggur hér til sömu breytingu í 16. gr., 2. mgr.

Í **18. gr., 2. mgr.** frumvarpsins stendur: „Sé varanleg eyðing skógar óhjákvæmileg skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.“

Skógræktin leggur til að 18. gr., 2. mgr. verði: „Sé varanleg eyðing skógar óhjákvæmileg skal tilkynna Skógræktinni, og eftir atvikum Skipulagsstofnun eða viðkomandi sveitarfélagi um fyrirhugaða framkvæmd í samræmi við ákvæði þessara laga, laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslaga.“

Skýring:

Skógræktin leggur til þessar breytingar vegna þess að mismunandi lagaákvæði eiga við í mismunandi tilvikum. Varanlega eyðingu náttúruskóga þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. Varanlega eyðingu allra skóga þarf oftast að tilkynna til sveitarfélaga af því að það er hluti framkvæmda og háð framkvæmdaleyfi. Varanlega eyðingu allra skóga þarf að tilkynna til Skógræktarinnar vegna 1. mgr. þessarar greinar og vegna 8. gr.

Skógræktin leggur til að **18. gr., 4. mgr.** („Sveitarfélag skal upplýsa Skógræktina um framkvæmdir sem fela í sér varanlega eyðingu skógar.“) falli niður.

Skýring:

Skógræktin leggur til að 4. mgr. falli niður ef breytingar sem lagðar eru til verða á 2. mgr., enda verður hún þá óþörf. Eðlilegt er að framkvæmdaaðili tilkynni Skógræktinni beint um varanlega eyðingu skóga og jafnframt fari sama tilkynning annað hvort til Skipulagsstofnunar og/eða viðkomandi sveitarfélags.


Annað:

Skógræktin telur ástæðu til þess að sett verði ákvæði í skógræktarlögum sem heimili Skógræktinni að friða einstök tré, trjálundi og skógi vaxin svæði sem hafa sérstakt gildi umfram það sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum, í samræmi við tillögur starfshóps um skógræktarlög. „Ákveðin tré, lundir og skógar geta haft sérstakt gildi fyrir samfélagið af ýmsum ástæðum. Leggur nefndin til að ráðherra verði heimilt að friða sérstaklega einstök tré, lundi eða skóga sem hafi sérstakt gildi. Getu þau verið félagslegir, menningarsögulegir, umhverfislegir eða líffræðilegir þættir sem valda því að ástæða getur þótt að friða tré, lundi eða skóga sérstaklega. Með þessu ákvæði er

lagt til að á grunni skógræktarlaga geti stjórnvöld friðað ákveðin tré, lundi eða skóga.“
(Sjá nánar: „8.3. Sérstök friðun trjáa og skóg“, bls. 8 í greinargerð starfshóps til umhverfisráðherra með tillögum að efni nýrra skógræktarlaga²)

Undirritaðir eru fúsir til að mæta á fund nefndarinnar og svara spurningum sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar

Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri

² Tillögur að nýjum lögum um skógrækt -Greinargerð starfshóps til umhverfisráðherra með tillögum að efni nýrra skógræktarlaga (2012). <https://www.umhverfisraduneyti.is/media/skoqraektarskyrsla-2012/skoqraektargreinargerð-lokaskyrsla-juni-2012.pdf>

Í gær 1. júní 2017 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skóga og skógrækt tekin fyrir í skipulags- og byggingarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Bókun skipulags- og byggingarnefndar ver eftirfarandi:

„Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál.

Í frumvarpsdrögunum kemur fram að ráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsáætlun í skógrækt eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Landsáætlunin skal innihalda stefnu stjórnvalda í skógrækt, tölusett markmið, ásamt stöðu og framtíðarhorfum fyrir skógrækt í landinu. Einnig að skógræktin skuli veita framlög til skógræktar og skjólbeltaræktar á lögbýlum eftir því sem fjárlög kveða á um hverju sinni. Ekki er, að mati skipulags- og byggingarnefndar, kveðið nægjanlega skýrt á um að skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélga, sem hafa skipulagsvaldið. Þá er ekki ljóst í frumvarpsdrögunum hvort skógrækt á lögbýlum sé hluti af landshlutaáætlunum í skógrækt.“

Þetta tilkynnist hér með



Með kveðju
Jón Örn Berndsen
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Reykjavík, 28. maí, 2017.

Berist til nefndarsviðs Alþingis,

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skóga og skógrækt (407. mál 146. löggjafarþings 2016-2017). Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur barst frumvarpið til umsagnar.

Almennar athugasemdir

Því er fagnað að frumvarp að nýjum lögum um skóga og skógrækt sé komið fram enda löngu tímabært að endurskoða núgildandi lög. Í frumvarpinu eru lögð fram markmið um skógrækt sem ná til fjölþætts hlutverks allt frá vernd og viðhaldi náttúrulegra skóga til ræktunar útivistar- og nytjaskóga sem og að styrkja hlutverk allra skóga við kolefnisbindingu og jarðvegsverndar. Við vinnu frumvarpsins hafa borist athugasemdir m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að ýmis ákvæði frumvarpsins ættu erindi í heilsteypitari löggjöf um gróðurvernd eða vera samtvinnuð við sambærileg ákvæði í landgræðslu- eða náttúruverndarlögum. Önnur ákvæði er varða fyrirkomulag skógræktar fyrir útivistar- og nytjaskóga eru annars eðlis enda langtíma saga skógræktar á Íslandi að töluverðu leyti tengt slíkri skógrækt. Nokkuð vandasamt getur reynst að samstillta þessi ólíku atriði í einni sértækri skógræktarlöggjöf en þess vegna er afar mikilvægt að skýr tengsl séu við aðra löggjöf, að vísað sé í viðeigandi lagaákvæði og að þær tali ekki í mótsögn við hvor aðra heldur styrki. Það er nauðsynlegt til að hægt sé að framfylgja öllum markmiðum laganna.

Nýskógrækt er alla jafna framkvæmd sem felur í sér mikla breytingu á landnotkun og er háð ýmsum leyfisveitingum sem og stjórnáætlunum ferlum mats á umhverfisáhrifum. Sveitarfélög bera því töluverða ábyrgð á málefnum skógræktar sem leyfishafar og umsagnaraðilar. Þá eru sveitarfélög sjálf með ýmis skógræktarverkefni á sínum snærum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur leggur því áherslu á að samráð við sveitarfélög sé tiltekið í öllum viðeigandi lagaákvæðum eins og við á. Almenn er því ágætlega til hagsáttar í frumvarpinu en í einstökum greinum má útlísta þetta nánar sbr. athugasemdir hér að neðan.

Athugasemdir við einstakar greinar

Í 4. grein um landsáætlun í skógrækt segir í a-lið annarar málsgreinar að í áætluninni verð gert grein fyrir „forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minja og landslags“. Hér ætti að vera skýrari vísun í að forsendurnar séu teknar með tilliti til lögbundinna áætlana er þessi atriði varðar t.d. náttúruminjasrá, skráningu fornleifa og menningarminja, hverfisverndarákvæða skipulagsáætlana o.s.f.v. og þar með vísa betur í markmið í e-lið 1. greinar frumvarpsins. Sama á við um skýrari tengsl við áætlunir í t.d. landgræðslu, byggðamálum, loftslagsmálum o.fl. Jákvætt er að í greininni er gert ráð fyrir samþættingu við aðrar áætlunir ríkis og sveitarfélaga enda skógrækt og verndun náttúruskóga hvoru tveggja veigamikil atriði í skipulagsáætlunum sem og áætlunum sveitarfélaga í umhverfismálum. Til dæmis er skógrækt hluti af aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum.

5. grein er um framkvæmdáætlunir í landshlutum. Ekki er skilgreint hverjir landshlutarnir eru en að mati Reykjavíkurborgar væri eðlilegt að Höfuðborgarsvæðið verði einn landshluti en í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins eru langviðamestu skógræktarsvæðin innan hins svokallaða Græna trefils sem myndar samfellu í jaðri allra sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu. Eðlilegt er að mati umhverfis- og



skipulagssviðs að framkvæma eina áætlun fyrir þetta svæði í góðu samráði við sveitarfélögin og þau skógræktarfélög sem þar starfa.

6. grein er um ræktunaráætlanir fyrir nýræktun. Ekki er nægjanlega útskýrt hvort það sé Skógræktin eða landeigandi sem vinni áætlunina en henni er ætlað að innihalda ýmis atriði m.a. „kort af viðkomandi svæði, vistgerðum, gróðurgreiningu, staðsetningu svæða þar sem ekki skal gróðursetja, svo sem verndarsvæða, og tillögur um undirbúning lands og trjátegundir“. Skógræktinni er falið hlutverk að tryggja að áætlunin sé unnin en orðalag greinarinnar felur ekki í sér nægjanlega skýr tilmæli um hverjum sé ætlað að vinna áætlunina. Væntanlega er átt við landeigenda eða þá sem standa að nýræktuninni. Að mati umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur ætti að koma fram í greininni að við gerð ræktunaráætlunar sé samráð haft bæði við Skógræktina og sveitarfélög. Líklegt er að sveitarfélög komi að sem umsagnaraðilar vegna umhverfismats eða leyfisveitendur vegna framkvæmdaleyfa en til að samræma betur við stefnumótun sveitarfélaga er tilefni til samráðs við þau fyrr í ferlinu þ.e.a.s. við gerð ræktunaráætlunar.

8. grein er um skógaskrá sem Skógræktinni er ætlað að halda yfir alla skóga landsins. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur veltir fyrir sér hvernig skógarsvæði innan þéttbýlis falla inn í flokkun og skilgreiningu á skógum sem gætu átt erindi í skógaskrá. Miðað við skilgreiningu á skógi í lið 11. í 2. grein, eru sannarlega svæði innan þéttbýlis sem falla undir skilgreininguna og fer slíkum svæðum fjölgandi með auknum vexti. Skoða þarf hvort allir slíkir skógar eigi að falla undir lögin eða hvort eðlilegra væri að tilgreina önnur stærðarviðmið. Það á ef til vill ekki erindi í löggjöfina að minnast á skóga í þéttbýli sérstaklega en huga þarf að þessu við útfærslu á framkvæmd við gerð skógaskrár sem er nýtt í lögunum.

V. kafli frumvarpsins fjallar um vernd, umhirðu og nýtingu skóga. Þar segir m.a. í 17. grein að felling skóga eða hluta þeirra sé óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar. Með vísun í athugasemdina um 8. grein er varðar óvissu um hvort t.d. allir skógar í þéttbýli, óháð stærð, falli undir skilgreiningar laganna á skógi vill umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur taka undir athugasemdir Sambands Íslenskra Sveitarfélaga úr umsögn þeirra um fyrri drög frumvarpsins. Þar kemur t.d. eftirfarandi tillaga fram, að það „kæmi vel til álita að setja inn ákvæði um að leita þurfi eftir framkvæmdaleyfi ef felling skógar er umfram tiltekið flatarmál“. Það er skynsamleg hugmynd. Einnig er bent á í umsögn SÍS að það gæti dregið úr skilvirkni stjórnýslu að fela Skógræktinni það hlutverk að „[fara] yfir umsókn um byggingarleyfi eða deiliskipulagstillögur til að passa upp á að ekki fari fram röskun á skóglendi sem er stærra en 0.5 ha. að stærð“. Minnst er á sumarhúsalóðir í þessu sambandi en einnig gæti þetta vel átt við svæði innan þéttbýlis t.d. á uppbyggingarreitum og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur er því sammála SÍS um þetta atriði.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri, skrifstofu umhverfisgæða.